

1871.

28. júní.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið leyfir, að verja megi allt að 50 rd. af sjóði Flateyjar-kirkju á þann hátt, sem stungið hefir verið uppá, og skal því við bætt, að vör höfum í dag skrifað reikningastjórnardeildinni um þetta það, sem með þarf.

28. júní.

59. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmanusins yfir norður- og austurumdæminu, um tíundagjörð í Þingeyjarsýslu.

Samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 28. septbr. f. á. við-víkjandi skýrslu frá fyrrum amtmani í norður- og austurumdæminu, Havstein, um það, að mikil tíundasvik mundu gangast við í Skútu-staðahrepp í Þingeyjarsýslu, hefir amtið í bréfi 20. febr. þ. á. skýrt svo frá, að eptir skýrslum þeim, sem fengizt hafa, virðist ekki vera ástæða til að höfða lögsókn útaf þessu, og að hlut-aðeiganda sýslumanni hafi verið sagt fyrir á þá leið. Með því samt sem áður, að röng aðferð hefir verið við höfð við tíunda-gjörðina, sem að visu vottar nokkurskonar einþykni og sjálfræði, en verður eigi kallað tilraun til að hafa í frammi tíundasvik, hefir amtið lagt sýslumanni fyrir, að leitast við að afmá þetta, og í þessu skyni sagt honum fyrir, einkum að brýna fyrir hlut-aðeigendum, að við tíundagjörð verði aðeins farið eptir hlutfalli því, sem getið er um í tilsk. 14. maí 1834, 1. gr., viðvíkjandi tíund af innstæðukúgildum og öðrum leigufænaði o. fl., en sam-kvæmt því skal eitt kúgildi fyrir hver fimm hundruð af dýrleika jarðarinnar talið fast kúgildi, sem eigi verður goldin af tíund, þegar ekki verður sæð af byggingarbræfinu eða á annan hátt, hvort fleiri eða færri kúgildi hingað til hafi fylgt jörðunni; að kvígur að fyrsta kálfi skuli við tíunda tölu leggja til jafns við gelda kú, og gjalda tíund af nautum og geldum kvígum; að vinnufólk komist ekki hjá að greiða tíund af skepnum sínum, þótt það gjaldi nokkuð til fátækra, og að hreppstjórinn megi ekki veita lákkun á tíund svo sem fyrir vanhöldum að handa hófi, en að eins, þegar

einhver beinlínis beiðist þess, og sá, sem gjalda skal tíund, skýrir greinilega frá, og skal um þetta nákvæmlega ritað í hreppsbókina, og sá, sem segir rangt til, hafður fyrir tíundasvikum. Að endingu hefir amtið farið þess á leit, að stjórnarráðið samþykki þessar ráðstafanir.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á þær ráðstafanir, sem gjörðar hafa verið.

1871.
29. júní.

60. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um sveitarstyrk handa óskilgetnu barni.

30. júní.

Með álitsskjali, dagsettu 20. febr. þ. á., hefir amtið sent hingað aptur skjal nokkurt, þar sem fyrrum hreppstjóri í Kelduneshrepp, Björn Arnason á Arnanesi, hefir skotið til dómsmálastjórnarinnar úrskurði, sem amtið hefir kveðið upp 25. septbr. 1866,¹ og ákveður útaf ágreiningi, sem orðið hefir milli tæðs hrepps og Skeggjastadahrepps í Norðurmúlasýslu um það, hvort hinn síðar nefndi hreppur skuli endurgjalda Kelduneshreppi 21 rd., sem borgaðir hafa verið fyrir framfærslu óskilgetinnar dóttur Guðnýjar

1) Úrskurður amtsins er svo látandi:

„Jafnframt og eg hérmeð verð að lýsa því yfir, að mér finnst næsta tortryggilegt próf það, er fyrverandi sýslumaður í Þingeyjasýslu, kansellíráð Þorsteinn Johnsen, hefir að boði amtsins í bréfi frá 5. marz þ. á. tekið um efnahag og ástand Sigurbjarnar Þorgrímssonar og Guðnýjar Ásbjörnsdóttur, og síðan með bréfi 17. águst næstl. sent hingað án allra athugasemda málinu viðkomandi, — þá finn eg ekki ástæðu til, að skylda hreppstjórnann í Skeggjastadahrepp í Norðurmúlasýslu, þar sem Guðný Ásbjörnsdóttir er viðurkend sveitlæg, að leggja nokkuð með barni hennar og Sigurbjarnar, frá fæðingu þess þangað til það sáláðist í febrm. í vetur, einsog Guðný hefir skýrt frá við prófið, heldur verður hreppstjóri Björn Arnason í Arnanesi eptir atvikum að annast um borgun fyrir framfæri barnsins ámeðan það lifði, gegn endurgjaldi frá foreldrum þess.